

Samtök aðstandenda og fíknisjúkra

Reykjavík 7.mars 2024

Umsögn Samtaka aðstandenda og fíknisjúkra um tillögu til þingsályktunnar um umboðsmann sjúklinga, 116.mál

Það er mikilvægt að sjúklingur geti leitað réttar síns með hjálp og stuðning ef hann fær ekki þá hjálp sem hann þarfnast hjá heilbrigðisgeiranum.

Fólk með fíkni og vímuefnavanda eru oft í mjög viðkvæmri stöðu og oft gengur erfiðlega að fá þá þverfaglegu heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af veikindum, þörfum og aðstæðum þess.

Það eru ekki til sérhæfð úrræði fyrir fólk með þroskahömlun, einhverfu eða geðsjúkdóm og þau úrræði sem eru til staðar henta illa fyrir þennan tiltekna hóp og ótal mörg dæmi þess að þeim er sýnjað um þjónustu sökum þessa frávika. Þá eru ungmenni undir átján ára aldri ekki með aðgang að sérhæfðu úrræði sem hentar þeirra aldri og þroska.

Fíknisjúklingum er sýnjað um verkjalyf og svefnlyf vegna þess að þeir eru “flaggaðir” í kerfinu þegar staðreyndin er sú að þó þú sért fíknisjúklingur þá getur viðkomandi líka átt erfitt með svefn og fengið verki. Og því til rökstuðnings ætlum við nefna nokkur af þeim ótal dæmum sem við höfum.

Virkur fíknisjúklingur sem fór í stóra aðgerð og bað um verkjalyf með sér heim, fékk þau svör að hann væri virkur fíkniefnasjúklingur og fengi einungis paratabs og ibufen. Annað dæmi var fíknisjúklingur í bata og átti erfitt með svefn og hann fékk neitun af sömu ástæðu og sá sem fór í aðgerðina. Síðasta dæmið var sjúklingur í fráhvörfum og fékk ekki lyf vegna þeirra og gifurlegs vanlíðan, þrátt fyrir að leita til læknis. Það er ekki aðgangur að niðurtröppunarlyfjum vilji sjúklingur hætta neyslu og komast í bata en vitað er að fráhvörf er lífshættulegt ástand.

Svo er óeðlilegt ástand að það skuli einungis vera til tvö úrræði í landinu sem sinna afeitrun.

Ofan talin dæmi eru brot á rétti hvers einstaklings til heilbrigðisþjónustu, þjónustu sem á að vera til staðar án mismunar og aðgreiningar

Við trúum því að embættið verði til góðs og það standi vörð um hagsmuni og réttindi sjúklinga einnig teljum við að það ætti ekki eingöngu að miða við sjúklinga því aðstandendur geta oft þurft að grípa inn í mál ástvina sinna og þeir geta líka þurft að leggja fram persónulega kvörtun.

Samtökin fagna tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga og styður hana heilshugar.

Virðingarfyllst,

f.h. SAOF

Dagbjört Ósk Steindórsdóttir Formaður SAOF